

Mánudaginn 2. febrúar 1987.

Nr. 220/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Klemens Adrianssyni

(Benedikt Blöndal hrl.)

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var með áfrýjunarstefnu 13. desember 1985 skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærði í héraði vildi hlíta dóminum. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 19. nóvember 1986.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 7. f.m., var ákærði dæmdur fyrir umferðarlagabrot í 12 þúsund króna sekt hinn 23. maí 1985, eða áður en hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, en dómur þessi kom eigi fram á sakavottorði því sem fram var lagt í héraði. Þá hefur hann eftir að hinn áfrýjaði dómur gekk, eða 25. apríl 1986, verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir skjalafals, og er þar um að ræða hegningarauka við refsingu samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt gögnum frá Norðurlandadeild Interpol var ákærði dæmdur tvívegis til refsingar í Færeyjum 1977, hinn 28. janúar fyrir skjalafals, ofbeldisverk, nytjastuld, spellvirki o.fl. í 6 mánaða fangelsi, en af þeim voru 3 mánuðir skilorðsbundnir, og 18. maí fyrir innbrotspjófnað o.fl. í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Það athugast að í ákæru og í sakavottorði því sem fram var lagt í héraði er ákærði ranglega talinn fæddur 9. janúar 1961, en hann er fæddur 9. janúar 1956 í Kollafjarðarsókn í Færeyjum.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi framið öll brot þau sem honum eru gefin að sök. Varða þau öll við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem refsing

ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi ber að staðfesta dóminn að því er ákærða varðar.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er ákærða, Klemens Adriansson, varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 26. ágúst 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru dagsettri 1. febrúar 1985 „á hendur Klemens Adrianssyni, áður Klæmint Hansen, Háengi 8, Selfossi, fæddum í Færeyjum 9. janúar 1961 (sic) og X, fæddum í Reykjavík 9. ágúst 1954 fyrir eftirgreind fölsunarbrot:

1. Ákærðu er báðum gefið að sök:

1.

Að hafa í október 1983 staðið saman að fölsun á tveim 25.000,00 króna víxlum með gjalddögum 30. október og 30. nóvember 1984, samþykktum til greiðslu af ákærða Klemens, sem falsaði útgefanda- og framseljandanafnið Hákon Debess, Hraunbæ 102 A, Reykjavík, á víxlana en ákærði X afhenti víxlana síðan Óla Jóhanni Danielssyni, Sogavegi 123, Reykjavík, í skiptum fyrir gjaldfallinn víxil.

Í október 1983 notað í viðskiptum sex víxla samtals að fjárhæð kr. 50.000,00 sem ákærði Klemens afhenti ákærða X vegna bifreiðaviðskipta þeirra og ákærði Klemens samþykkti sjálfur til greiðslu á mánaðarlegum gjalddögum frá 15. nóvember sama ár til 15. apríl 1984 en falsaði á alla víxlana nafn sambýliskonu sinnar, Magneu Einarsdóttur, Hraunbæ 102 A, Reykjavík, sem útgefanda og framseljanda. Ákærði X notaði síðan víxlana, sem hver var að fjárhæð kr. 8.000,00 nema víxill í gjalddaga 15. apríl 1984, sem var að fjárhæð kr. 10.000,00, til kaupa á bifreiðinni R-8767, Mazda árgerð 1974, af Snjólfí Fanndal, Mýrarseli 7, Reykjavík, eftir að hafa ábakið (sic) þá þrátt fyrir fulla vitneskju um fölsunina.

2.

Ákærða Klemens er einum gefið að sök að hafa, í septembermánuði 1983, framvísað til þinglýsingar í skrifstofu borgarfégetaembættisins í Reykjavík veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 870.000,00, útgefnu af ákærða sjálfum, og veðleyfi, dagsettu 13. september 1983, eftir að hafa falsað nafn framangreindrar Magneu Einarsdóttur á veðleyfið, þar sem Magnea er sögð veita honum heimild til að veðsetja íbúð sína á 2. hæð hússins nr. 102 A við Hraunbæ með 2. veðrétti til tryggingar veðskuldabréfi með lánskjaravísitölu að fjárhæð kr. 870.000,00. Ákærði fékk bréfinu þinglýst og komst yfir andvirði þess.

Telst þetta atferli ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Samkvæmt framburðum ákærðu og vitna svo og öðrum gögnum málsins eru málavextir svo sem nú verður frá greint:

I.

Í skýrslu þeirri, er Óli Jóhann Danielsson, nú talinn búsettur í Danmörku en áður til heimilis að Sogavegi 123, Reykjavík, hefur gefið hjá lögreglu, kemur fram að hann hafi selt ákærða X bifreið og greiddi ákærði X fyrir hana m.a. með tveim víxlum. Annar þeirra að fjárhæð kr. 55.000,00, samþykktur af ákærða X var með gjalddaga í apríl 1983. Víxillinn var ekki greiddur á gjalddaga.

Í skýrslu Óla kemur fram að í október sama ár hafi ákærði X boðið honum víxla er skyldu vera greiðsla á hinum gjaldfallna víxli. Tveir þessara víxla hafi verið samþykktir af Pálma Gunnarssyni og útgefnir af Elfu Björk Ásmunds dóttur og sá þriðji samþykktur af Elfu en útgefinn af Pálma. Síðar hafi ákærði X sagt að víxlar þessir myndu ekki greiðast. Ákærði X hafi því afhent honum 2 „víxla“ hvorn að fjárhæð kr. 25.000,00 með gjalddögum 30. október 1984 og 30. nóvember sama ár, samþykktir af Klemens Hansen og útgefandi tilgreindur Hákon Debess, Hraunbæ 102 A en „víxla“ þessa hafi ákærði X afhent sem greiðslu á þeim gjaldfallna víxli að fjárhæð kr. 55.000,00 sem hér að framan er nefndur. Dómarinn hefur reynt að láta boða Óla Jóhann fyrir dóminn og þar það eigi árangur þar sem hann er nú talinn búsettur í Danmörku. Ekki er vitað um dvalarstað hans þar.

Ljósrit af „víxlum“ þessum hafa verið lögð fram á dskj. nr. 5, skjal nr. 4 bls. 38 og 40. Eigi er þar tilgreindur útgáfudagur en á ljósritum

þessum koma fram þau atriði sem tilgreind eru hér að framan og er það í samræmi við lýsingu „víxlanna“ í ákæru lið I 1.

Ákærði X hefur skýrt svo frá að hann hafi tekið við „víxlum“ þessum af meðákærða Klemens vegna íbúðakaupa. Hann hafi treyst því að Klemens myndi greiða „víxlana“ og því kæmi það ekki að sök þótt útgáfa Hákonar væri fölsuð á þá.

Ákærði X hefur játað það fyrir dómi að hafa fylgst með því þegar meðákærði Klemens falsaði nafn Hákonar á nefnda „víxla“ og að hann hafi síðar afhent þá Óla Jóhanni Danielssyni í skiptum fyrir gjaldfallinn víxil.

Ákærði Klemens hefur skýrt svo frá að hann hafi falsað nafn Hákonar Debess á „víxla“ þá sem hér að framan eru tilgreindir. Hann hafi ritað nafn Hákonar sem útgefanda að meðákærða X viðstöddum. Í beinu framhaldi af fölsuninni hafi hann afhent X „víxlana“. X hafi sagt að það skipti ekki máli hvor þeirra Klemens eða Hákon ritaði nafn Hákonar á víxlana.

II.

Þann 19. júní 1984 barst Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf Brynjólfs Kjartanssonar hrl. dags. 23. maí 1984 svohljóðandi:

„Hér með leyfi ég mér f.h. umbj. míns Snjólfs Fanndal nnr. 8204-1788, Mýrarseli 7, Reykjavík, að kæra til yðar fölsun á nafni Magneu Einarsdóttur, nnr. 6219-2356 á hjálagða 6 víxla að fjárhæð kr. 8.000,00, 8.000,00, 8.000,00, 8.000,00, 8.000,00 og 10.000,00, samþykktum af Klemens Hansen, nnr. 5638-2577, áður til heimilis að Hraunbæ 102 A, Reykjavík, til greiðslu 15.11., 15.12. 1983, 15.1, 15.2, 15.3 og 15.4. 1984 í Landsbanka Íslands, Reykjavík. Víxlar þessir eru sagðir útgefnir og ábektir af Magneu Einarsdóttur, áður að Hraunbæ 102 A, en nú að Rauðalæk 6, Reykjavík. Þá eru víxlarnir ábektir af X ...

Skv. hjálagðri yfirlýsingu Magneu Einarsdóttur, dags. 10. maí 1984 er nafnritun hennar á víxlana fölsuð.

Umbjóðandi minn fékk víxla þessa sem greiðslu fyrir bifreiðina R-8767, sem hann seldi X 15. október 1983, eins og fram kemur í hjálögðu afsali.“

Ákærði Klemens hefur skýrt svo frá að hann hafi falsað nafn Magneu Einarsdóttur á þá víxla sem hér að ofan er lýst í ákæru og í kæru Snjólfs Fanndal en víxlarnir hafa verið lagðir fram í málinu. Ákærði Klemens segist hafa keypt bifreið af meðákærða X fyrir víxla þessa og hafi X verið viðstaddur þegar fölsunin fór fram.

Ákærði X hefur skýrt svo frá að hann hafi fylgst með því þegar meðákærði Klemens falsaði nafn Magneu á umrædda víxla. Hann hafi tekið við þessum víxlum sem greiðslu fyrir bifreið er hann seldi meðákærða Klemens. Hann hafi síðan keypt bifreiðina R-8767 af Snjólfí Fanndal og

greitt fyrir hana með fyrrgreindum víxlum. Einnig staðfesti ákærði X að hafa ritað nafn sitt sem ábekingur á víxla þessa.

Vitnið Snjólfur Fanndal, Mýrarseli 7, Reykjavík hefur skýrt svo frá að ákærði X hafi keypt af honum bifreiðina R-8767 Mazda, árgerð 1974, og hafi X greitt andvirði bifreiðarinnar með víxlum þeim sem lýst hefur verið og hafi hann sagt að þetta væru öruggir víxlar. Vitnið kvaðst engin viðskipti hafa átt við greiðanda víxlanna, ákærða Klemens, og viti ekki annað um hann en það sem ákærði X hafi sagt að hann ætti eignir í Hraunbæ og í Keflavík.

Afrit afsals bifreiðarinnar R-8767 hefur verið lagt fram og er það dagsett 15. október 1983.

Vitnið Magnea Einarsdóttir, Rauðalæk 10, Reykjavík, áður til heimilis að Hraunbæ 102 A þar í borg, hefur skýrt svo frá að hún hafi ekki ritað nafn sitt á víxla þá sem hér um ræðir hvorki sem útgefandi né framseljandi. Hún hafi fyrst séð víxla þessa á skrifstofu Brynjólfs Kjartanssonar hrl. og hafi nafn hennar þá þegar verið ritað á víxlana.

Dóminum hefur borist bótakrafa Brynjólfs Kjartanssonar hrl., dags. 6. maí 1985, svohljóðandi:

„Hér með leyfi ég mér f.h. umbjóðanda míns, Snjólfis Fanndal, nnr. 8204-1788, að gera eftirfarandi bótakröfu á hendur X.

Að X greiði umbjóðanda mínum kr. 50.000,00 auk 2,5% dráttarvaxta af kr. 8.000,00 frá 15.11. 1983 til 15.12. 1983, en af kr. 16.000,00 frá þeim degi til 15.01. 1984, en af kr. 24.000,00 frá þeim degi til 15.02. 1984, en af kr. 32.000,00 frá þeim degi til 15.03. 1984, en af kr. 40.000,00 frá þeim degi til 15.04. 1984, en af kr. 50.000,00 frá þeim degi til 15.09. 1984, en með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 15.02. 1985, en 3,75% frá þeim degi til 15.03. 1985, en með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags.“

Ákærði X hefur samþykkt bótakröfu þessa.

III.

Þann 14. maí 1984 kom Einar Davíðsson, Rauðalæk 6, Reykjavík til Rannsóknarlögreglu ríkisins til þess að leggja fram kæru f.h. dóttur sinnar Magneu Einarsdóttur fyrir fölsun á veðleyfi. Á veðbókavottorði íbúðar Magneu að Hraunbæ 102 A í Reykjavík komi fram veðsetning til Kristjáns L. Péturssonar að fjárhæð kr. 870.000,00 en skuld þessa taldi kærandi eiganda íbúðarinnar, Magneu, með öllu óviðkomandi og væri ekki fyrir hendi heimild hennar til veðsetningar þessarar.

Magnea Einarsdóttir hefur skýrt svo frá að Kristján Pétursson hafi hringt til sín í lok apríl eða byrjun maí árið 1984 og spurt hana að því hvort hún hafi gefið ákærða Klemens leyfi til að veðsetja íbúð hennar. Hún hafi

strax sagt Kristjáni að það hafi hún ekki gert en Kristján hafi þá sagt að hann héldi að íbúðin væri veðsett. Hún hafi þá farið ásamt föður sínum til borgarfégeta og þar hafi þau fengið veðbókarvottorð fyrir íbúðinni. Þar komi fram að íbúðin væri veðsett Kristjáni Karli Péturssyni. Er vitnið kom fyrir dóminn staðfesti það að hafa ekki ritað undir veðleyfi til ákærða Klemensar vegna veðsetningar samkvæmt veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 870.000,00 með lánskjaravísitölu en „veðleyfi“ þetta hefur verið lagt fram í málinu.

Ákærði Klemens hefur skýrt svo frá að hann hafi falsað undirritun Magneu Einarsdóttur á veðleyfi það sem tilgreint er í ákæruskjali lið 2. Hann hafi síðan farið með veðleyfið og viðeigandi skuldabréf til þinglýsingar og var skjölum þessum þinglýst eins og þau bera með sér. Hann hafi síðan keypt loftpressu og hluta í beltavagni af Kristjáni Péturssyni fyrir veðskuldabréfið. Tækin hafi hann haft í einhvern tíma en síðan hafi hann afhent Kristjáni þau aftur.

Vitnið Kristján Karl Pétursson, Melási 7, Garðabæ hefur skýrt svo frá að þeir Klemens hafi keypt saman beltavagn. Ákærði Klemens hafi unnið með þetta tæki svo og loftpressu sem vitnið lagði til í rekstur þennan. Fljótlega eða í júní 1983 hafi komið í ljós að Klemens vildi reka fyrirtækið einn og féllst vitnið á að selja honum hlut sinn í fyrirtækinu. Í september s.á. var gengið frá kaupunum þannig að ákærði Klemens greiddi fyrir loftpressuna og hluta í beltavagninum með veðskuldabréfi því sem tilgreint er í ákæru og lagt hefur verið fram í málinu. Síðar hafi komið í ljós að undirritun á viðeigandi veðleyfi var fölsuð og hafi ákærði Klemens þá sagt vitninu að nýir eigendur yfirtækju skuldina þannig að upphaflega skuldin samkvæmt skuldabréfinu félli niður; þannig væri skuldin nú þegar greidd að fullu.

Niðurstöður:

Ákærðu hafa báðir játað háttsemi þá sem þeim er að sök gefin í ákæruskjali og styðjast játningar þeirra að öll leyti við önnur gögn málsins.

Brot ákærðu þykja réttilega heimfærð til refsilagaákvæðis í ákæru að öðru leyti en því að brot ákærða Klemensar sem lýst er í I. hluta ákæru lið 1 og 2 þykja varða við 1. mgr. 155. gr. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 enda er fram komið að hann notaði eigi sjálfur skjölin til að blekkja með þeim í lögskiptum heldur falsaði hann nöfnin eins og segir í ákæru og gerðist þannig hlutdeildarmaður í brotum ákærða X.

Ákærði Klemens er sakhæfur og hefur ekki sætt refsingum áður svo kunnugt sé.

Refsing ákærða Klemensar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði

eftir þeim refsilagaákvæðum sem sakfelld er fyrir svo og með vísan til 77. gr. sömu laga.

Rétt þykir með vísan til málsatvika, ungs aldurs hans svo og þess að hann hefur eigi áður svo kunnugt sé verið sekur fundinn um refsivert brot, að fresta fullnustu refsingarinnar að hluta sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga sbr. lög nr. 101/1976, 9. gr. þannig að 3 mánuðir verði óskilorðsbundnir en 7 mánuðir skilorðsbundnir og fellur sá hluti refsingarinnar niður að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

— — —

Loks ber að dæma báða ákærðu in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar sbr. 2. mgr. 142. gr.laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði Klemens Adriansson sæti fangelsi í 3 mánuði óskilorðsbundið svo og 7 mánaða fangelsi en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði Klemens almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr.laga nr. 22/1955.

Ákærði X sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði X greiði Snjólfí Fanndal kr. 50.000,- ásamt 2,5% dráttarvöxtum af kr. 8.000,- frá 15.11. 1983 til 15.12. 1983, en af kr. 16.000,- frá þeim degi til 15.01. 1984, en af kr. 24.000,- frá þeim degi til 15.02. 1984, en af kr. 32.000,- frá þeim degi til 15.03. 1984, en af kr. 40.000,- frá þeim degi til 15.04. 1984, en af kr. 50.000,- frá þeim degi til 15.09. 1984, en með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 15.02. 1985, en 3,75% frá þeim degi til 15.03. 1985, en með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til 1. júní 1985 en með 3,5% vöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.